

Landlæknir
08 301

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Landlæknir

kt. 710169-5009

Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Landlæknir er ríkisaðili í A-hluta sem starfar í samræmi við lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Samkvæmt lögunum er embættinu ætlað að stuðla að heilbrigði landsmanna, m.a. með því að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og efla lýðheilsustarf í landinu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 32 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 1.941,0 milljónir og afkoma kr. 292,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 280,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 550,3 milljónir.

Á árinu 2021 var fjárfesting í tölvukerfum (óefnislegum eignum) embættisins eignfærð en árið áður var allur kostnaður vegna tölvukerfa gjaldfærður. Skýrir það jákvæða afkomu ársins og umframráðstöfun vegna fjárfestinga á árinu sbr. skýringu 14. Stofnunin mun óska eftir millifærslu fjárveitinga milli rekstrar og fjárfestinga til jöfnunar.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Landlæknis í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Landlæknis fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Alma D. Möller,
landlæknir

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.676.800.000	1.540.400.000
Seld þjónusta	3	9.641.864	9.486.530
Framlög og ýmsar tekjur	4	242.351.331	286.705.051
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	12.184.861	11.269.618
Tekjur samtals		1.940.978.056	1.847.861.199
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.119.394.975	1.030.200.694
Framlög og tilfærslur	6	40.800.000	31.474.113
Annar rekstrarkostnaður	7	476.314.545	738.745.847
Afskriftir	8	12.184.861	11.269.618
Gjöld samtals		1.648.694.381	1.811.690.272
Afkoma fyrir fjármagnsliði		292.283.675	36.170.927
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		529.600	449.486
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(116.036)	(222.520)
		413.564	226.966
Afkoma ársins		292.697.239	36.397.893
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	307.997.239	(3.627.994)
Rekstrartilfærslur		(15.300.000)	40.025.887
		292.697.239	36.397.893

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	9	303.246.288	0
Verk í vinnslu		9.212.045	0
		<u>312.458.333</u>	<u>0</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Áhöld, tæki og búnaður		27.457.898	38.089.354
Aðrar eignir		32.730	51.430
		<u>27.490.628</u>	<u>38.140.784</u>
Fastafjármunir samtals		<u>339.948.961</u>	<u>38.140.784</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		7.920.998	6.075.348
Tengdir aðilar	11	184.351.731	147.416.075
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		119.325	119.325
Handbært fé		17.932.347	100.236.605
Veltufjármunir samtals		<u>210.324.401</u>	<u>253.847.353</u>
Eignir samtals		<u>550.273.362</u>	<u>291.988.137</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		280.176.079	(12.521.160)
Eigið fé samtals		<u>280.176.079</u>	<u>(12.521.160)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	8.388.732	2.421.101
Viðskiptaskuldir		60.387.045	122.155.106
Ýmsar skammtímaskuldir	13	144.593.707	133.120.430
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	56.727.799	46.812.660
Skuldir samtals		<u>270.097.283</u>	<u>304.509.297</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>550.273.362</u>	<u>291.988.137</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		292.697.239	36.397.893
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	12.184.861	11.269.618
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(12.184.861)	(11.269.618)
		<u>292.697.239</u>	<u>36.397.893</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(1.845.650)	83.651
Tengdir aðilar		(322.861.063)	(28.959.134)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(50.294.784)	44.071.426
		<u>(375.001.497)</u>	<u>15.195.943</u>
		<u>(82.304.258)</u>	<u>51.593.836</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(303.246.288)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	(1.534.705)	(25.217.430)
Kaupverð óefnislegra eigna, verk í vinnslu		(9.212.045)	0
		<u>(313.993.038)</u>	<u>(25.217.430)</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Tengdir aðilar		291.893.038	0
Fjárfestingarframlag		22.100.000	25.217.430
		<u>313.993.038</u>	<u>25.217.430</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(82.304.258)	51.593.836
		<u>100.236.605</u>	<u>48.642.769</u>
		<u>17.932.347</u>	<u>100.236.605</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frárdreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningssskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Skýringar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.676.800.000	1.540.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	12.184.861	11.269.618
	<u>1.688.984.861</u>	<u>1.551.669.618</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.388.400.000	25.500.000	0	1.413.900.000
Fjárlög Fjárúkalög	250.300.000	0	0	250.300.000
Millifært úr varasjóð	9.600.000	0	0	9.600.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	3.000.000	0	0	3.000.000
Fjárveiting til tekna	1.651.300.000	25.500.000	0	1.676.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(1.343.302.761)	(40.800.000)	0	(1.384.102.761)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	307.997.239	(15.300.000)	0	292.697.239

	2021	2020
3 Seld vara og þjónusta		
Sala á vöru og þjónustu	8.639.459	7.943.843
Vörusala I	651.250	1.144.267
Sérfræðiþjónusta	0	335.035
Verksala	351.155	63.385
	<u>9.641.864</u>	<u>9.486.530</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild	0	3.000.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	221.265.000	228.564.330
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	20.185.448	54.933.990
Ýmsar tekjur	900.883	206.731
	<u>242.351.331</u>	<u>286.705.051</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	900.207.698	816.541.166
Orlof, breyting	7.873.277	21.572.696
Launatengd gjöld	201.874.961	183.866.200
Starfsmannakostnaður	9.439.039	8.220.632
	<u>1.119.394.975</u>	<u>1.030.200.694</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	67,0	74,0
------------------------------	------	------

6 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	0	3.416.665
Rekstrartilfærslur aðrir	40.800.000	28.057.448
	<u>40.800.000</u>	<u>31.474.113</u>

Skýringar

	2021	2020
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	506.952	902.551
Ýmis tæki og áhöld	710.856	2.403.092
Varahlutir og viðhaldsvörur	0	31.859
Orkugjafar	436.129	652.670
Matvæli	12.387.820	9.688.693
Almennar rekstrarvörur	604.291	1.747.956
Vörukaup, almenn	<u>14.646.048</u>	<u>15.426.821</u>
Lyf og tengd efni	177.003	429.558
Lækninga- og hjúkrunarvörur	63.261	15.579
Kennslu- og föndurvörur	8.049	15.334
Ýmsar sérgreindar vörur	1.650.641	18.340
Vörukaup, sérgreind	<u>1.898.954</u>	<u>478.811</u>
Fundir, námskeið, risna	589.380	1.755.650
Ferðir, upphald	157.440	2.961.523
Akstur	685.662	1.573.175
Sérfræðiþjónusta	243.115.969	526.373.960
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	79.664	186.370
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	12.677.840	15.235.139
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	6.224.684	8.424.088
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>263.530.639</u>	<u>556.509.905</u>
Afnotagjöld	90.542.172	68.780.125
Leigugjöld	63.494.550	61.148.979
Notkun véla og flutningatækja	38.640	67.280
Verkkaup	40.436.959	36.257.460
Kostnaðarhlutdeild	1.500.000	70.000
Opinber gjöld	0	6.466
Tilfærslur	226.583	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>196.238.904</u>	<u>166.330.310</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>476.314.545</u>	<u>738.745.847</u>
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	11.889.121	11.250.918
Aðrar eignir	18.700	18.700
Sölutap og úrehtar eignir	277.040	0
	<u>12.184.861</u>	<u>11.269.618</u>

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
9 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	303.246.288	0
	<u>303.246.288</u>	<u>0</u>

Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2021:

	Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2021	0
Viðbætur á árinu	303.246.288
	<u>303.246.288</u>

Staða 31.12.2021 303.246.288

	31.12.2021	31.12.2020
Verk í vinnslu	9.212.045	0
	<u>9.212.045</u>	<u>0</u>

10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	27.457.898	38.089.354
Aðrar eignir	32.730	51.430
	<u>27.490.628</u>	<u>38.140.784</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	74.894.182	2.842.330	77.736.512
Viðbætur á árinu	1.534.705	0	1.534.705
Selt/úreitt á árinu	(13.529.042)	(2.655.330)	(16.184.372)
	<u>62.899.845</u>	<u>187.000</u>	<u>63.086.845</u>
Afskriftir 01.01.2021	36.804.828	2.790.900	39.595.728
Afskrift ársins	11.889.121	18.700	11.907.821
Selt/úreitt á árinu	(13.252.002)	(2.655.330)	(15.907.332)
	<u>35.441.947</u>	<u>154.270</u>	<u>35.596.217</u>
Staða 31.12.2021	<u>27.457.898</u>	<u>32.730</u>	<u>27.490.628</u>

11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	184.351.731	147.416.075
	<u>184.351.731</u>	<u>147.416.075</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	8.388.732	2.421.101
	<u>8.388.732</u>	<u>2.421.101</u>

Skýringar

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(12.521.160)	(48.919.053)
Afkoma ársins	292.697.239	36.397.893
Jöfnuður 31.12.	<u>280.176.079</u>	<u>(12.521.160)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2021	31.12.2020
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	140.993.707	133.120.430
Önnur ógreidd gjöld	3.600.000	0
	<u>144.593.707</u>	<u>133.120.430</u>

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	339.948.961	38.140.784
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	(283.221.162)	8.671.876
	<u>56.727.799</u>	<u>46.812.660</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	38.140.784	8.671.876	46.812.660
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	22.100.000	22.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	1.534.705	(1.534.705)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	303.246.288	(303.246.288)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum, verk í vinnslu	9.212.045	(9.212.045)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(12.184.861)	0	(12.184.861)
	<u>339.948.961</u>	<u>(283.221.162)</u>	<u>56.727.799</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 71,1 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert tímabundinn samning um húsnæði til ársins 2024, árlegar greiðslur vegna hans nema kr. 64,7 millj.kr. Stofnunin hefur einnig gert ýmsa rekstrar- og þjónustusamninga, árlegar greiðslur vegna þeirra nema kr. 278 millj.kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.